




Framkvæmda- fréttir 26. tbl. /06



Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldófsstaðir 2

Í þessu blaði er auglýst útboð vegagerðar á 7,7 km löngum kafla Hringvegar (1) á Jökuldal. Þetta er síðasti hluti á norðurleið Hringvegar sem fær bundið slitlag. Að verki loknu verður því samfelt bundið slitlag frá Reykjavík norður um til Egilsstaða.

Þetta verkefni var kynnt ítarlega í 15. tbl. Framkvæmdafrétta og einnig hefur verið gerð kynningarskýrsla sem má finna á vefsíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is.

Undirsíður er: Upplýsingar og útgáfa / umhverfisskýrslur / kynningargögn / kynning framkvæmda á Norðaustursvæði.

Vegurinn verður byggður í nýju vegstæði norðan við Gilsá undir Skjöldófsstaðahjúk. Langhalli minnkar verulega og krappar beygjur hverfa. Vegalengd styttist um 1,5 km.



Brú á Gilsá sem nú er á Hringvegi (1) mun í framtíðinni tilheyra Jökudalsvegi (923). Nýr Hringvegur mun liggja í hlíðinni fyrir ofan brúna og vatn í Gilsá mun verða leitt undir veginn í gegnum ræsi.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 26. tbl. 14. árg. nr. 447 9. október 2006

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir veiktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til veiktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Auglýsingar útboða

Veigastaðavegur (828), Hringvegur – Eyjafjarðarbraut eystri 06-071

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu 3,6 km kafla Veigastaðavegar (828), milli Hringvegar og Eyjafjarðarbrautar eystri, og 0,3 km kafla Leifsstaðavegar (8210).

Helstu magntölur eru:

Bergskering	2.400 m ³
Fylling	20.500 m ³
Fláafleygar	13.900 m ³
Neðra burðarlag	21.100 m ³
Efra burðarlag	6.800 m ³
Tvöföld klæðing	27.800 m ²
Ræsalögn	310 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. ágúst 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. október 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. október 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Hringvegur (1), Ármótasel – Skjöldólfsstaðir 2 05-047

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu 7,7 km kafla Hringvegar milli Ármótasels og Skjöldólfsstaða 2 á Jökuldal. Jafnframt skal leggja nýja 0,19 km langa heimreið að Skjöldólfsstöðum 2 og tengja núverandi veg við nýja veginn með 0,28 km tengingu. Alls er um 8,21 km vegagerð að ræða.

Helstu magntölur eru:

Skering í laus jarðlög	420.000 m ³
Bergskering	15.000 m ³
Fylling og fláafleygar	415.000 m ³
Neðra burðarlag	57.000 m ³
Efra burðarlag	14.000 m ³
Klæðing	60.000 m ²
Stálplöturæsi í Gilsá	62 m
Ræsalögn	635 m
Frágangur fláa	356.000 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. ágúst 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. október 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. október 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls 06-022

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í byggingu 9,7 km kafla Uxahryggjavegar frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi og 20 m langrar steinsteyptar brúar á Sandvatnsskvísl.

Um er að ræða 6,5 m breiðan malarveg.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	100.000 m ³
Burðarlag	52.000 m ³
Rofvörn	3.000 m ³
Mótafletir	536 m ²
Steypustyrktarjárn	12,7 tonn
Steypa	166 m ³

Verki skal að fullu lokið fyrir 20. október 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. október 2006. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. október 2006 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Héðinsfjarðargöng

Laugardaginn 30. september tendraði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fyrstu formlegu sprengingu við Héðinsfjarðargöng í gangamunna í Skútudal Siglufjarðarmegin.

Héðinsfjarðargöng er stærsta verkefni sem Vegagerðin hefur boðið út og var verksamningur milli Vegagerðarinnar og verktakans Metrostav a.s. og Háfell ehf undirritaður á Siglufirði þann 20. maí sl. Upphæð verksamnings er um 5,7 milljarðar króna en heildarkostnaður verksins er áætlaður rúmir 7 milljarðar.

Framkvæmdin er liður í að bæta samgöngur, auka umferðaröryggi og tengja Siglufjörð við Eyjafjarðarsvæðið og styrkja þannig byggð á svæðinu. Framkvæmdin mun stytta leiðina milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar úr 62 km í um 15 km miðað við leið um Lágheiði og úr 234 km í 15 km miðað við leið um Öxnadalshéiði.

Jarðgöngin verða tvíbreið, um 3,7 km löng milli Siglufjarðar og Héðinsfjarðar og um 6,9 km löng milli Héðinsfjarðar og Ólafsfjarðar. Við alla gangamunna verða steypdir vegskálar, samtals um 450 m að lengd. Heildarlengd ganga verður því ríflega 11 km.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 1. október 2006. Samtals er búið að sprengja 50 m.

Rannsóknir Vegagerðarinnar - Ráðstefna á Hótel Nordica 3. nóvember 2006

Próunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir ráðstefnu um rannsóknir þann 3. nóvember 2006, á Hótel Nordica (í ráðstefnusal á fyrstu hæð). Dagskrá ráðstefnunnar er hér fyrir

neðan. Þátttökugjald er 10.000 krónur og innifalið í því er kaffi og hádegismatur. Skráning fer fram á heimasíðu Vegagerðarinnar, vegagerdin.is.

Dagskrá	
08:00-09:00	Skráning
09:00-09:15	Setning (Hreinn Haraldsson/Pórir Ingason, Vegagerðin)

Mannvirki

09:15-09:30	Preyтуáraun á stálbrýr á Íslandi (Jóhannes Loftsson, VST)
09:30-09:45	Göngubrýr yfir Hringbraut - sveiflumælingar (Guðmundur Valur Guðmundsson, Einar Pór Ingólfsson og Baldvin Einarsson Línuhönnun, Bjarni Bessason, HÍ)
09:45-10:00	Virgni XYPEX í íslenskri steinsteypu (Gísli Guðmundsson, Hönnun)
10:00-10:15	Umhverfisvæn steinsteypa (Ólafur Wallevik, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins)
10:15-10:45	Kaffi
10:45-11:00	Burður vega og þungatakmörkanir (Sigurður Erlingsson og Guðjón Örn Björnsson HÍ)
11:00-11:15	Könnun á tækjum og aðferðum til viðgerða á bundnu slitlagi (Daníel Árnason, Vegagerðin)
11:15-11:30	Hrýfímælingar vega með leysitæki (Valgeir Steinn Kárason, Vegagerðin)
11:30-11:45	Hljóðvarnir við vegi (Ólafur Hjálmarsson, Trivium ráðgjöf; Ólafur Daníelsson, Línuhönnun)
11:45-12:00	Umræður og fyrirspurnir
12:00-13:00	Matur

Umferð

13:00-13:15	Óhappa- og slysatíðni eftir gerð vega (Haraldur Sigbórsson og Þórólfur Nielsen, Línuhönnun)
13:15-13:30	Áhrif vetrarþjónustu á umferðaröryggi (Skúli Þórðarson, Orion ráðgjöf)

13:30-13:45	Nýtt umferðarlíkan höfuðborgarsvæðisins (Smári Ólafsson, VSÓ)
13:45-14:00	Leiðbeiningar um hönnun 2+1 vega (Bryndís Friðriksdóttir og Haraldur Sigbórsson, Línuhönnun, í samstarfi við verkfræðistofuna Fjölhönnun og Vegagerðina)

Umhverfi

14:00-14:15	Hlaupfarvegur undir jökli við Kötlugos (Helgi Björnsson og Finnur Pálsson HÍ)
14:15-14:30	Aðferðir við mat á áhrifum framkvæmda á landslag (Ólafur Árnason, Línuhönnun)
14:30-14:45	Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda - Innleiðing matsáætlana - Gæði og árangur (Hólmfríður Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun og Óli Halldórsson, Þekkingarsetri Þingeyinga)
14:45-15:15	Kaffi
15:15-15:30	Vistferilsgreining fyrir veg með bundnu slitlagi (Harpa Birgisdóttir, Línuhönnun)
15:30-15:45	Námufrágangur (Hersir Gíslason, Vegagerðin)
15:45-16:00	Uppgræðsla vegfláa með innlendum úthagategundum (Jón Guðmundsson, LBHÍ)
16:00-16:15	Notkun á tilfallandi lífrænum úrgangsefnum til uppgræðslu (Björn Guðbrandur Jónsson, Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs)
16:15-16:30	Hnattrænar loftslagsbreytingar og vegarekstur (Skúli Þórðarson, Orion ráðgjöf)

Annað


16:30-16:45	Rannsóknastefna Vegagerðarinnar (Hreinn Haraldsson, Vegagerðin)
16:45-17:00	Umræður og fyrirspurnir
17:00-	Ráðstefnuslit, léttar veitingar í boði Vegagerðarinnar

Verkið nær ennfremur til lagningar 2 km langs aðkomuvegar í Siglufirði, um 0,6 km langs vegar í Héðinsfirði og um 0,6 km langs vegar í Ólafsfirði. Einnig er innifalinn breikkun á 0,7 km löngum vegarkafli í Siglufirði, brú yfir Héðinsfjarðará og minni háttar vegtengingar í Siglufirði, Héðinsfirði og Ólafsfirði.

Framkvæmdir á verkstað hófust í júní sl. við gröft á forsker-ingum við gangamunna í Siglufirði og Ólafsfirði. Síðan hefur

verið unnið að forskeringunum og vegagerð á báðum stöðum ásamt almennri aðstöðusköpun. Göngin verða unnin úr báð-um áttum þ.e. frá Siglufirði og Ólafsfirði. Reiknað er með að gangagröftur frá Ólafsfirði hefjist í næsta mánuði. Verkinu skal að fullu lokið í desember 2009.

Nú starfa um 50 manns á svæðinu af hálfu verktaka.



Yfirlit yfir útboðsverk


Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
06-073 Drangsnesevegur (645), Strandavegur - Drangsnese	2007
06-031 Hringvegur (1), Borgarnese, vistgata	2007
06-029 Skorradalsevegur (508), Grund - Hvammur	2007
06-027 Snæfellsnesevegur (54) um Hítará	2007
06-028 Tröllatunguvegur (605), Vestfjarðavegur - Djúpvegur	2007
06-026 Skagafjarðavegur (752), slitlagsendi - Lýtingsstaðir	2007
06-004 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið	2007
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	2007
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	2007
06-072 Seyðisfjarðavegur (93) um Miðhúsaá	2007
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	04.12.06
06-048 Vestfjarðavegur (60) í Kollafirði	06.11.06
06-030 Útnesevegur (574), Háahraun - Hella	30.10.06
06-024 Djúpvegur (61), Reykjanes - Hörtná	30.10.06
06-005 Hringvegur (1) um Vatnsdalsá	30.10.06
06-015 Ferjubakkavegur (530) um Gufá	23.10.06
06-023 Blöndudalsevegur (733)	16.10.06

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
06-065 Hríseyjarferja 2007-2011	28.08.06	10.10.06
06-022 Uxahryggjavegur (52) um Tröllháls	09.10.06	24.10.06
05-047 Hringvegur (1), Ármótasel - Skjöldólfsstaðir 2	09.10.06	31.10.06
06-071 Veigastaðavegur (828), Hringvegur - Eyjafjarðarbraut eystri	09.10.06	24.10.06
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-038 Garðskagavegur (45) um Sandgerði	26.06.06	11.07.06
Samningum lokið	Opnað:	Samið:
06-064 Vetrarþjónusta, Akureyri - Ólafsfjörður 2006-2009 <i>Malbikun K-M ehf. og Steypustöðin Dalvík</i>	01.08.06	18.08.06
06-057 Þverárfjallsvegur (744), brú á Gönguskarðsá <i>Mikael ehf.</i>	27.06.06	22.08.06
06-037 Vetrarþjónusta, Brú - Blönduós 2006-2009 <i>Stefán Jóhann Grétarsson</i>	30.05.06	12.09.06
Útboð fellt niður		
06-010 Mölburður og styrkingar Norðaustursvæði		
06-025 Hólavegur (767), Hólar - Hólalax		



Brú yfir Mjóafjörð. Tölvumynd: Línuhönnun hf. Samkvæmt áætlun á að auglýsa útboð Djúpvegur um Mjóafjörð 30. október. Það verk var kynnt útarlega í 23. tbl. Framkvæmdafréttu 2005.

Útboð verka leyfð að nýju

Á fundi ríkisstjórnarinnar þann 27. júní var ákveðið að fresta útboðum og upphafi nýrra framkvæmda á vegum ríkisins. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að leyfa aftur útboð og því eru þrjú útboðsverk auglýst í þessu blaði. Á næstunni verða

nokkur stór verk boðin út en reynt er að dreifa þeim á nokkrar vikur til að jafna álagið á markaðinn. Í lista yfir útboðsverk hér fyrir ofan eru verk talin upp með væntanlegum dagsetningum auglýsinga.